

Stofnfiskur hf.  
Staðarberg 2-4  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 17. mars 2020  
UST201901-303/H.R.A.  
08.12.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 15. nóvember 2019 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum er fram komu í eftirliti stofnunarinnar í Stofnfisk, Kollafirði. Þann 9. desember 2019 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikin eru eftirfarandi:**

- 1. Gr. 1.1. í starfsleyfi.** Heimild leyfis er framleiðsla allt að 20 tonnum á ársgrundvelli. Skv. ársyfirlitum rekstraraðila var framleiðsla bæði 2017 og 2018 yfir leyfilegu magni.  
**Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila fór framleiðsla yfir mörk starfsleyfis árin 2017 og 2018 þar sem fiskurinn var eldri við kyngreiningu (þegar honum er fækkað) en er í dag. Rekstraraðili hafi tekið nýtt ómskoðunartæki í notkun áramótin 2018/2019 og því sé hægt að kyngreina fiskinn fyrr og og fækka fyrr í stöðinni sem leiðir til minni lífmassa og var áætlun rekstraraðila að framleiðsla yrði innan marka fyrir árið 2019. Umhverfisstofnun fellst á þetta en framleiðsla verður tekin út í næsta eftirliti.**
- 2. Gr. 3.1 í starfsleyfi.** Hámark losunar eldisins er 8 kg P/framleitt tonn og 60 kg N/framleitt tonn. Losun hefur hvorki verið áætluð frá fóðurnotkun, né frá mælingum. Losunarreikningar bárust í úrbótaáætlun rekstraraðila þann 9. desember sl. Eftir ábendingar og leiðréttingar eftirlitsaðila bárust uppfærðir reikningar 11. mars sl. og var losun bæði 2017 og 2018 áætluð undir mörkum starfsleyfis. Frávikinu telst því lokið.


**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviks frá grein 1.1. í starfsleyfi verður tekið út í næsta eftirliti.**


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
Sérfræðingur

  
Helga Rut Arnarsdóttir  
Lögræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur